

Ed.

120. Frumvarp til laga

[117. mál]

um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild sem nefnist Stofnfjár sjóður fiskiskipa.

2. gr.

Hlutverk Stofnfjár sjóðs er að tryggja að eigendur fiskiskipa greiði af stofnlánum sem á skipunum hvíla og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipunum.

3. gr.

Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá Stofnfjár sjóði. Inn á reikning þennan skulu renna greiðslur sem nema 7% af samanlögðu hráefnisverði skipsins, sbr. 1. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Semji Fiskveiðasjóður Íslands og útgerðarmaður um hærri greiðslur inn á stofnfjár sjóðsreikning skips skal greiðslan við það miðuð enda sé haldið eftir meira fé en 15%, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1986.

4. gr.

Ef innstæða er á reikningi skips hjá Stofnfjár sjóði og eigandi þess skuldar jafnframt Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, verðbætur, vexti, dráttarvexti eða kostnað af lánum, sem tryggð eru með veði í skipinu, skal Fiskveiðasjóður taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna að svo miklu leyti sem það hrekkur til þess.

5. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 4. gr., er sjóðnum heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjár sjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánum vegna skipsins hjá Ríkisábyrgðasjóði og Byggðastofnun.

6. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs eða Byggðastofnunar skv. 4. og 5. gr. skal Fiskveiðasjóður greiða skipseiganda innstæðu skipsins hjá Stofnfjár sjóði óski eigandinn þess. Þó er Fiskveiðasjóði heimilt að halda eftir fjárhæð sem á hverjum tíma má ekki nema hærra hlutfalli af næstu greiðslu afborgana og vaxta sem á skipinu hvílir hjá sjóðnum en svarar þeim tíma sem liðinn er frá síðasta gjalddaga í hlutfalli við allt tímabilið milli gjalddaganna.

Nú hvílir ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði og skal Stofnfjár sjóður þá greiða skipseiganda, án sérstakrar greiðslubeiðni, það fé sem inn á reikning þess kemur.

7. gr.

Sé innstæða í Stofnfjár sjóði á reikningi skips þegar greiðslur skv. 4. gr., 5. gr. og 1. másl. 6. gr. hafa verið inntar af hendi skal Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti sem hverju sinni eru ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum sem teknir eru af skuldum er á skipinu hvíla.

8. gr.

Innstæða hjá Stofnfjár sjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu skips.

9. gr.

Innstæða hjá Stofnfjár sjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppbóði.

Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt skal innstæða hjá Stofnfjár sjóði falla til skipseiganda.

10. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi lög um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, nr. 4/1976, og 12. gr. 1. nr. 24/1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ársbyrjun 1985 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd með aðild samtaka sjómanna og útvegsmanna og þingflokka til þess m.a. að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegs og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Markmið þessarar endurskoðunar var einkum að gera millifærslur fjármuna innan sjávarútvegs og verðmyndun einfaldari og skýrari. Með bréfi ráðherra 17. febrúar 1986 var nefndinni einnig falið að fjalla sérstaklega

um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegs og var þá bætt í nefndina fulltrúum frá samtökum fiskvinnslunnar.

Í framhaldi af fyrri hluta álits nefndarinnar voru síðastliðið vor sett l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Nefnd til að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegs skilaði síðan ráðherra síðari hluta álits síns um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og Stofnfjár sjóð fiskiskipa 10. október s.l. Að tillögu fulltrúa Landssambands íslenskra útvegsmanna lét nefndin semja drög að frumvarpi um breytingu á lögum um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, sem hér er flutt, til þess að einfalda framkvæmd þeirra gagnvart útvegsmönnum með tilliti til hinna nýju ákvæða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Þeir sem störfuðu í nefndinni voru: Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, formaður, Skúli Alexandersson, Alþýðubandalagi, Kjartan Jóhannsson, Alþýðuflokkki, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokkki, Valdimar Indriðason, Sjálfstæðisflokkki, Guðjón A. Kristjánsson, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson og Þórhallur Helgason, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Óskar Vigfússon, Sjómannasambandi Íslands, Árni Benediktsson, Félagi Sambandsfiskframléiðenda, og Knútur Óskarsson, Sambandi fiskvinnslustöðvanna. Með nefndinni störfuðu að gerð síðari hluta nefndarálitsins Gylfi Gautur Pétursson, lögfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu, sem var jafnframt ritari nefndarinnar, og Benedikt Valsson, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, sem einkum vann að gerð yfirlits yfir starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Frumvarpið, sem hér er flutt, er samið samkvæmt tillögum nefndarinnar og var fullt samkomulag um efni þess meðal nefndarmanna. Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað núgildandi laga um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, nr. 4 13. febrúar 1976, sbr. 12. gr. l. nr. 24/1986. Nauðsynlegt er að laga þessi lagaákvæði að hinni nýju greiðslutilhögun sem ákveðin var með lögum nr. 24/1986. Megintilgangur frumvarpsins er að auðvelda eigendum skipa, sem standa í skilum eða skuldlausir eru við Fiskveiðasjóð Íslands, að fá endurgreitt sem fyrst það fé sem berst inn á reikning þeirra hjá Stofnfjár sjóði. Frumvarpið er í mörgum greinum efnislega samhljóða l. nr. 4/1976 en breytingartillögur nefndarinnar hafa verið felldar inn í meginmál laganna og eru þær í stuttu máli eftirfarandi:

1. Hvíli ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði Íslands er Stofnfjár sjóði skylt að greiða til skipseiganda innstæðu á reikning þess án þess að sérstaklega sé óskað eftir því.
2. Eigandi skips, sem skuldar ekki gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs Íslands, Ríkisábyrgðasjóðs eða Byggðastofnunar, getur með sérstakri beiðni fengið greidda innstæðu sína hjá Stofnfjár sjóði. Þó er Fiskveiðasjóði heimilt að halda eftir hluta innstæðunnar samkvæmt sérstakri hlutfallsreglu til greiðslu á næsta gjalddaga.
3. Sú innstæða á reikningi skips við Stofnfjár sjóð, sem eftir er að uppfylltum lið 1 og 2, skal njóta vaxta sem ákveðnir eru hverju sinni með hliðsjón af vöxtum sem teknir eru af skuldum er á skipinu hvíla.

Um 1. gr.

Óbreytt frá l. nr. 4/1976.

Um 2. gr.

Breytt þannig að skýrt sé að hér er um greiðslutilhögun að ræða á eigin tekjum útgerðar en ekki aðstoð við eigendur fiskiskipa eins og stóð í 2. gr. l. nr. 4/1976.

Um 3. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega samhljóða fyrstu tveimur málslíðum 12. gr. l. nr. 24/1986.

Síðari málsgrein 3. gr. er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. tölul. 7. gr. l. nr. 24/1986 þar sem lögfest var sú venja að semji útvegsmáður við Fiskveiðasjóð um hærri greiðslu en hina

lögboðnu 7% greiðslu skuli hún öll renna inn á reikning skipsins við Stofnfjár sjóð enda hækki þá sú heildarfjárhæð sem haldið er eftir.

Um 4. gr.

Óbreytt. Var áður 8. gr.

Um 5. gr.

Hér er sú breyting gerð að þó að skipseigandi skuldi ekki gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs er heimilt að nota innstæður skips til greiðslu gjaldfallinna afborgana á skuldum skipsins hjá Ríkisábyrgðasjóði og Bygðastofnun.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir í 1. mgr. að sé skipseigandi skuldlaus við þrjá fyrrgreinda stofnlánasjóði skuli greiða honum innstæðu hjá sjóðnum óski hann þess. Þó er gerð sú undantekning að halda má eftir fjárhæð til greiðslu á næsta gjalddaga lánsins sem takmarkast af auðskilinni hlutfallsreglu sem miðast við tímabil milli gjalddaga.

Í 2. mgr. 6. gr. er nýmæli en þar er gert ráð fyrir því að hvíla ekki skuld á skipi hjá Fiskveiðasjóði er Stofnfjár sjóði skylt, án þess að þess sé sérstaklega óskað og án nokkurra skilyrða, að greiða til skipseiganda það fé sem á reikning skipsins kemur. Með ákvæði þessu er útvegsmönnum auðveldað mjög að fá fé sitt fljótt aftur í hendur.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að sé skip með öllu skuldlaust við Fiskveiðasjóð þá hlutist Stofnfjár sjóður ekki til um að greiða gjaldfallnar afborganir af stofnlánum skips hjá Ríkisábyrgðasjóði og Bygðastofnun eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frv.

Um 7. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir að sé innstæða á reikningi skips, sem ekki hvíla á gjaldfallnar skuldir, skuli greiða vexti af fjárhæðinni. Þetta hefur verið venja hjá Fiskveiðasjóði í langan tíma en var fyrst lög bundin með l. nr. 24/1986. Með 12. gr. l. nr. 24/1976 var sú breyting gerð á l. nr. 4/1976, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, að 3. og 4. gr. laganna voru felldar úr gildi og 5. gr. laganna breytt. Var m.a. kveðið svo á að væri innstæða á reikningi skips lengur en hálfan mánuð skyldi Fiskveiðasjóður færa til tekna á reikninginn vexti jafnháa hæstu lögleyfðu fasteignaveðlánavöxtum. Eðlilegt verður að telja að þessu ákvæði sé breytt, aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hefur sjóðnum reynst erfitt að ná sambærilegri ávöxtun á eigin fé til að veða upp á móti þessum fasteignaveðlánavöxtum. Í öðru lagi er fyrirsjáanleg óvissa um hugtakið fasteignaveðlánavextir í næstu framtíð.

Forstjórar Fiskveiðasjóðs hafa bent á að erfitt og óhentugt geti verið að miða vexti af innstæðum nákvæmlega við þá vexti sem teknir eru af lánum einstakra skipa. Hér er lagt til að þessir vextir verði ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum sem teknir eru af skuldum er á skipi hvíla. Með þessu er veitt nokkurt svigrúm sem ætti að auðvelda ákvörðun vaxtanna.

Um 8. gr.

Grein þessi er óbreytt frá 12. gr. l. nr. 4/1976.

Um 9. gr.

Grein þessi er óbreytt frá 13. gr. l. nr. 4/1976.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.